



**1. FUNDUR Á MIÐÖNN 2020-21, MIÐVIKUDAGINN 25. NÓVEMBER KL. 11:15**

**Zoom fundur**

**1. Bréf til skólaráðs**

**A. Umsóknir um leyfi:**

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

**C. Önnur bréf:**

Einn nemandi sækir um að fá að taka fleiri áfanga í fjarnámi. Umsókn hafnað.

Ein umsókn frá síðasta fundi um endurskoðun á yfirferð prófs frá síðustu önn hefur verið afgreidd.

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

Gátu-mánudagar verða fram að jólum og veitt verðlaun fyrir rétt svör. Jólavika 7.- 11. des. og þá verður ýmislegt í gangi eins og t.d. piparkökur, jólajóga, pubqiss, jólabíó, skemmtikraftur og fleira. Jólabingó er svo fyrirhugað 15. des.

Verið er að skoða að halda söngvakeppni með MK í janúar út frá covid sóttvarnarreglum. Yfirlit yfir fjármál síðustu annar lagt fram og NFFG í góðum málum hvað fjármál varðar.

Umræða um hvað þarf til að breyta lögum NFFG, auglýsa félagsfund og kynna fyrirhugaðar lagabreytingar. Zoom fundur ætti að vera löglegur ef rétt er boðað til hans.

**3. Önnur mál**

FG sótti um undanþágu frá sóttvarnarreglum til að geta boðið upp á meira staðnám en fékk höfnun. Vonandi verður samt fljótlega hægt að kalla nemendur meira inn í skólann.

NFFG – appið: er möguleiki að vera með skiptibókamarkað í því? Hugsanlega gæti verið facebook hópur fyrir alla nemendur og þar væri hægt að auglýsa bækur innan FG. Fyrirlestur frá Pálmari Ragnarssyni á Zoom næsta miðvikudag í umsjónartíma.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Halldóra Björg Einarsdóttir fjármálastjóri NFFG